



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. (Þingskjal 281 — 202. mál.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja frumvarpið og hvetja til samþykktar þess. Afar mikilvægt er að mati samtakanna að festa í lög reglur um dreifingu, sölu og notkun á rafrettum til að vernda börn gegn óæskilegum og óheilsusamlegum áhrifum rafrettna.

Samtökin fagna því að aldursmörk verði lögfest, að takmörkun á notkun rafretta sé sambærileg því sem gildir um notkun tóbaks, að auglýsingar verði óheimilar á rafrettum og að Embætti landlæknis sé falin ábyrgð á fræðslu og forvörnum til barna og ungmenna.

Barnaheill vilja vekja athygli á að lög um Neytendastofu nr. 62/2005 segja fátt um hverjar stjórnisýsluheimildir Neytendastofu séu og því telja samtökin mikilvægt að skýra hverjar heimildir Neytendastofu eru til eftirlits og framfylgd laganna. Um íþyngjandi aðgerðir stjórnvalda, svo sem eins og tilmæli og beitingu sekta þarf að kveða á um í lögum með skýrum hætti, sbr. 69. gr. Stjórnarskrár.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Börn eiga rétt á vernd gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og skulu ríki gera allar viðeigandi ráðstafanir, svo sem með löggjöf og fræðslu, svo að sú vernd verði raunveruleg.